

ÁR
S
S
K
Y
R
S
L
A
2
0
2
3



ÁRSSKÝRSLA 2023



© Útgefandi: SÍMEY – www.simey.is
Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður: Valgeir Magnússon

Umsjón: Óskar Þór Halldórsson

Hönnun og umbrot: Heiðar Brynjarsson

Ljósmyndir: Kristín Björk Gunnarsdóttir, Ingunn
Helga Bjarnadóttir, Sif Jóhannesar Ástudóttir,
Óskar Þór Halldórsson, o.fl.

Ljósmyndir af starfsfólki: Þórhallur Jónsson/
Axel Þórhallsson

Kápu mynd á forsíðu var tekin í Glerárgili.
Fjær sést til Súlna.

Kápu mynd á baksíðu var tekin á toppi
Böggvisstaðafjalls ofan Dalvíkur.
Horft í austur til Hríseyjar.



Ávarp stjórnarformanns

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar - SÍMEY hefur staðist kröfur og mætt nýjum áskorunum og jafnframt sýnt sveigjanleika til að mæta nýjum og breyttum áherslum atvinnulífsins. Starfsemin í SÍMEY er afar mikilvæg fyrir fullorðið fólk með mikla reynslu og innflytjendur hafa þar fengið mikilvægan stuðning til að skjóta stöðum undir hæfni og færni til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

SÍMEY starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu og fær styrki úr Fræðslusjóði til að bjóða upp á vottaðar námsleiðir á fyrsta og öðru þrepi íslenska hæfnirammans um menntun. Einnig tekur SÍMEY að sér alls konar námskeiðshald eftir þarfagreiningu innan stofnana og fyrirtækja. SÍMEY tekur þátt í erlendu samstarfi og vinnur náið með öðrum símenntunarstöðvum og fræðsluaðilum um land allt.

Árið 2023 var rekstrarlega krefjandi eins og áður. Rekstrartekjur jukust á milli ára og varð aukning á öllum sviðum, sem er jákvætt, en rekstrar-kostnaður er hár hvað varðar launabreytingar og annan rekstrarkostnað fyrirtækja. Í starfsemi SÍMEY tókst að fullnýta þau verkefni er lúta að framhaldsfræðslunni og aukið fé fékkst í mála-flokkinn á árinu. Fastur rekstrarsamningur við

félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hækkar á milli ára en þennan samning við stjórnvöld þyrfti að stækka enn frekar og að hann taki breytingum til að auðvelda framgang starfseminnar og minnka áhættu í rekstri. Vandséð er hvernig framhaldsfræðslan geti sinnt hlutverki sínu sem menntastoð á kröfuhörðum tímum nema veruleg breyting verði á umgjörð starfseminnar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu (fimmtu menntastöðina). Sú vinna þokast hægt áfram en þess er vænst að afkrastur hennar komi fram í Grænbók er greini styrkleika núverandi kerfis og skilgreini markhópa framhaldsfræðslunnar út frá menntun og stöðu á vinnumarkaði. Þessi vinna byggir ekki hvað síst á sáttmála stjórnvalda þar sem segir að „tæknibreytingar og hagnýting gervigreindar þurfa að vera í allra þágu og byggjast á grunnildum um mannréttindi, lýðræði og jöfnuð. Mikilvægt er að efla þekkingu, tryggja jöfn tækifæri og sporna gegn aðstöðumun í breyttu umhverfi. Það verður meðal annars gert með því að styðja við umbreytingar í menntakerfinu og tryggja aðgengi og möguleika allra til sí- og endurmenntunar.“

Svo mikið er víst að framhaldsfræðslan stendur frammi fyrir miklum áskorunum og hún þarf nú sem aldrei fyrr að byggja á traustum grunni. Heimurinn er margbreytilegur og hann er síkvikur. Þjóðfélagsbreytingarnar eru fyrir augum okkar á degi hverjum, á öllum sviðum þjóðlífsins. Sú tækni sem var fullgild í gær er úrelt á morgun. Menntun þarf, ef vel á að vera, að vera á undan tækni-þróuninni en ekki á eftir.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki, samstarfsaðilum og stjórn SÍMEY fyrir samstarfið á því starfsári sem nú er að líða.

Arna Jakobína Björnsdóttir,
formaður stjórnar SÍMEY

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2023 var tuttugasta og fjórða starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar – SÍMEY - og er í árs-skýrslunni gerð grein fyrir starfsemi hennar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Ársskýrslan er í fimm köflum. Fyrst er fjallað um starfsemina á árinu og gerð grein fyrir hverjir sitja í stjórn og starfa hjá miðstöðinni, húsnæði og fjárhag SÍMEY. Síðan er fjallað um helstu samstarfs-samninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi, þá er rætt um fræðslustarf ársins í máli og myndum og loks er í fimmta kafla skýrslunnar efni hennar dregið saman í stutta samantekt.

Dagleg starfsemi

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðins- og framhalds-fræðslu. Markmiðið er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Starfsemin miðar að því að bjóða hentugar lausnir á sviði sí- og endurmenntunar og framhalds-menntunar og markhópurinn er bæði einstaklingar og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu, einnig í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar og landsvæði.

Dagleg starfsemi SÍMEY skiptist í:

Fræðslusvið
Fyrirtækjasvið
Ráðgjöf og raunfærnimat
Próunarsvið
Stoðsvið

Innan þessara sviða eru þessi verkefni:

- Dagleg umsjón með námsleiðum og námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynning á starfsemi og símenntunarfamboði SÍMEY.
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum, einstaklingum og fyrirtækjum/félögum/stofnanum.

- Þarfagreiningar innan fyrirtækja undir merkjum MARKVISS, Fræðslustjóri að láni, o.fl.

- Umsjón með fyrirtækjaskólum/eftirfylgni fræðsluáætlana.

- Raunfærnimat (gagnvart námi og viðmiðum atvinnulífs).

- Hæfnigreiningar starfa.

- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar.

- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar, fjöl- og samfélagsmiðla.

- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhaldi SÍMEY.

- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrárgerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu.

- Rekstur prófamiðstöðvar.

- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð.
Eftirtaldir stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára á ársfundi 26. apríl 2023:

Aðalstjórn

Stjórnarformaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórnarmenn:

Sigríður Huld Jónsdóttir

Ingimar Eydal

Anna Júlíusdóttir

Sverrir Gestsson

Árný Þóra Ármannsdóttir

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fyrir hönd

Opinberra stéttarféлага

Fræðslustofnana

Opinberra stofnana

Almennra stéttarféлага

Almennra fyrirtækja

Sveitarféлага við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar

Varastjórn

Karl Frímannsson

Erla Björnsdóttir

Halldór Óli Kjartansson

Anna María Kristinsdóttir

Porgeir Rúnar Finnsson

Hlynur Már Erlingsson

Fyrir hönd

Fræðslustofnana


Opinberra stofnana

Almennra stéttarféлага

Almennra fyrirtækja

Sveitarféлага við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar



Starfsfólk 2023



Helena Sif Guðmundsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi & verkefnastjóri
Hóf störf í apríl 2023



Sandra Sif Ragnarsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi & verkefnastjóri
Lét af störfum í janúar 2023



Ingunn Helga Bjarnadóttir
Verkefnastjóri & ráðgjafi



Kristín Björk Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri & ráðgjafi



Helgi Þorbjörn Svavarsson
Verkefnastjóri & ráðgjafi



Sif Jóhannesar Ástudóttir
Verkefnastjóri & ráðgjafi



Kristjana Friðriksdóttir
Þjónustufulltrúi



Sóley Guðmundsdóttir
Þjónustufulltrúi



Sigrún Björnsdóttir
Viðurkenndur bókarí



Helgi Kristinsson
Húsumsjónarmaður



Valgeir Magnússon
Framkvæmdastjóri

Nýir starfsmenn 2024



Anna María Jónsdóttir
Verkefnastjóri & ráðgjafi
Hóf störf 1. febrúar 2024



Sigurlaug Indriðadóttir Unnardóttir
Verkefnastjóri & ráðgjafi
Hóf störf 12. mars 2024

Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

Afgreiðsla og bókhald

Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, annast símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.

Hús- og tækniúmsjón

Hefur úmsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.

Verkefnastjórnun og ráðgjöf

Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar SÍMEY hafa úmsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag.

Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals og sinna verkefnum sem tengjast raunfærnimati. Einnig aðstoða þeir fólk við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Þá veita ráðgjafar miðstöðvarinnar upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.

Námsverið á Dalvík

Námsverið á Dalvík er útstöð frá SÍMEY, rekin í samstarfi við Dalvíkurbyggð.

Verkefnastjóri hefur með höndum uppbyggingu námsversins og hefur yfirumsjón með ráðgjöf og þjálfun, sér um kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipuleggur og hefur úmsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð.

Unnið er með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess sem verkefnastjóri námsversins á Dalvík kemur að teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.

Nokkur orð um starfsemina

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um 140 verktakar fyrir SÍMEY á árinu 2023 sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Þetta er fjölbreyttur hópur verktaka sem starfar m.a. hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum á starfssvæði SÍMEY.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN Management) og taka fundir og skipulagning mið af henni.

Í starfi SÍMEY er lögð áhersla á þekkingaröflun starfsmanna og er hvatt til þess að þeir sækja sér fræðslu og þjálfun sem nýtist í starfi og persónulega. Fræðslustyrkir eru í boði á vegum SÍMEY og einnig í gegnum starfsmenntasjóði starfsmanna.



Húsnæði SÍMEY við Þórsstíg 4 á Akureyri.

Húsnæði og vinnuaðstaða

Sem fyrr er SÍMEY til húsa að Þórsstíg 4 á Akureyri þar sem eru átta skrifstofur, níu kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur njóta samveru í matar- og kaffitímum og nýta einnig aðstöðuna til hópavinnu. Einnig stendur SÍMEY fyrir námskeiðahaldi utanhúss, í fyrirtækjum og stofnunum. Þá er miðstöðin í góðu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu fyrir námskeið í málmsuðu og Fab Lab.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð um námsverið á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem er kennslustofa og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans á Tröllaskaga og á mótí nýtir skólinn húsnæði námsversins. Í Fjallabyggð er SÍMEY í samstarfi um húsnæði við stéttarfélagið Einingu-löju á Siglufirði og Menntaskólann á Tröllaskaga í Ólafsfirði.



Námsver SÍMEY á Dalvík er í Víkurröst.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu 2023 voru 241,3 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 40,9 milljónir, tekjur af námskeiðum 155,9 milljónir, verkefnatekjur 32,2 milljónir og aðrar tekjur 12,3 milljónir kr. Rekstrargjöld voru 245,5 milljónir kr., fjármagnstekjur 4,3 milljónir kr. og var rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nemur 95 þúsund krónum.

Gæðamál og umbótastarf

Kveðið er á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólustarfs í framhaldsfræðslu í 14. grein laga um framhaldsfræðslu. Tilgangur þessa eftirlits er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar, tryggja árangur og gæði fræðslustarfsins og stuðla að umbótum.

Innra mat er skipulagt í starfi SÍMEY og er leitast við að virkja starfsfólk, verktaka og nemendur í matsferlinu. Það tekur til fjölbreyttra matsaðferða, námskeiðsmats og sjálfsmats kennara/leiðbeinenda. Horft er til endurskoðunar á starfi, kennsluáðferðum, verkferlum og virkri endurgjöf til kennara, starfsmanna og þátttakenda.

SÍMEY er með frávíkaskráningu og umbótaáætlun auk lögbundinnar persónuverndarstefnu.

SÍMEY hefur gæðavottun sem ber yfirskriftina EQM+ (European Quality Mark) og tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til ársloka 2024. Upphaflega fékk SÍMEY EQM gæðavottun árið 2012 fyrir fræðslustarf en sú vottun sem nú gildir er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Matsaðili við endurnýjun gildandi vottunar var fyrirtækið StarfsGæði ehf. sem fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins tekur út allar símenntunarmiðstöðvar landsins vegna endurnýjunar gæðavottunar.

Vottunaraðili EQM hér á landi er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem hefur unnið að þróun gæðaviðmiða í fræðslustarfi fyrir fullorðna á liðnum árum.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið. Með gæðavottun EQM+ er staðfest að SÍMEY stenst evrópskar kröfur um gæði í fræðslustarfi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

EQM tekur mið af:

- Gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir.
- Innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila.
- Hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Gæðahandbók

Verkferlar, vinnulýsingar, gátlistar og eyðublöð eru skjalfest í gæðahandbók SÍMEY sem er vistuð á innra kerfi miðstöðvarinnar (0365).

2. Samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY vinnur náið með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem er í eigu Albýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitir fé til reksturs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fjármagni til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Einnig er fjármagni veitt til þróunarverkefna.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytis um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eða hæfniprepi 3 samkvæmt íslenska hæfniramma, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum miðstöðvarinnar og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Hlutverk SÍMEY í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Meginmarkmiðið er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi úr framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

SÍMEY hefur einnig unnið að þróunarverkefnum með styrkjum úr Fræðslusjóði sem hafa þann tilgang að þróa verkfæri framhaldsfræðslunnar.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY starfar Helena Sif Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, en hún tók við því starfi af Söndru Sif Ragnarsdóttur. Auk Helenu störfuðu Helgi Þorbjörn Svavarsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir sem ráðgjafar og verkefnastjórar á árinu 2023.

Verkefni ráðgjafa eru fjölbreytt og koma þeir að margvíslegri þjónustu, einkum ráðgjöf til nemenda og þeirra sem nýta sér aðra þjónustu SÍMEY. Þá sinna þeir ráðgjöf til einstaklinga á vinnumarkaði, einstaklinga í atvinnuleit og þeirra sem fara í raunfærnimat. Einnig koma ráðgjafar að öðrum verkefnum svo sem kennslu, þarfagreiningu, aðstoð við styrkumsóknir í sjóði og til stéttarfélaganna, utanumhaldi og ráðgjöf fyrir flóttafólk og aðra innflytjendur. Ráðgjafar sinna einnig stuðningi og ráðgjöf fyrir skjólstaðinga Fjölmennar.

Náms- og starfsráðgjafi tekur þátt í að skipuleggja námsleiðir og námskeið og hafa umsjón með stundarskráargerð. Einnig heldur náms- og starfsráðgjafi utan um raunfærnimat, ráðgjöf og skipulagningu vegna þess, áhugasviðskannanir fyrir einstaklinga og aðstoð við gerð ferilskráa og kynningarbréfa. Þá býður náms- og starfsráðgjafi upp á aðstoð við undirbúning fyrir atvinnuviðtöl og aðstoðar fólk við náms- og starfsval, svo eitthvað sé nefnt. Auk þeirra verkefna og þjónustu sem hér hefur verið nefnd bætast alltaf við ný verkefni sem starfsfólk SÍMEY tekur að sér.

Á árinu 2023 var SÍMEY í samstarfi við Austurbrú vegna raunfærnimats í íþróttamannvirkjum og var meirihluti viðtala, ráðgjafar og utanumhalds í höndum náms- og starfsráðgjafa SÍMEY. Samstarf við Vinnuálastofnun hélt áfram á árinu og var boðið upp á starfsleitarstofur fyrir einstaklinga í atvinnuleit. Hópar frá Starfsendurhæfingu Norðurlands komu í námskynningar og áhugasviðskannanir í SÍMEY og hefur samstarf við stofnanir gengið farsællega. Á árinu voru mörg ráðgjafarviðtöl tekin við einstaklinga en fjöldi viðtala var 560 þegar öll ráðgjöf fyrir árið 2023 er tekin saman.

Þjónusta við innflytjendur

Íslenska sem annað mál

Árið 2023 var einkar gott þegar litið er til þátttöku innflytjenda í íslenskunámi. Haldin voru 29 námskeið á Akureyri, Dalvík, í Fjallabyggð og Hrísey á árinu; 13 á vorönn og 16 á haustönn auk 17 fjarnámskeiða. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum, A1-B2 miðað við evrópska hæfnirammann auk þess sem í boði voru námskeið fyrir ólæsa, sem hafa verið skilgreind á getustigi A0 þar sem þau samræmast ekki viðmiðum tungumálarammans.

Það var mikið ánægjuefni að geta boðið upp á námskeið í íslensku fyrir mæður með börn. Á þessu námskeiði gafst mæðrum tækifæri til að hafa ung börn með sér og var það sniðið að þörfum hópsins. Velferðarsjóður Eyjafjarðarsvæðis styrkti námskeiðið.

Á árinu luku 413 nemendur námi í íslensku sem öðru máli, ýmist á hefðbundnum íslenskunámskeiðum eða vottuðum námsleiðum.



Lokafundur í þróunarverkefni um innleiðingu evrópska tungumálarammans í kennslu í íslensku sem öðru máli var haldinn í Kaupmannahöfn í júní 2023. Hér eru frá SÍMEY verkefnastjórnir Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir og íslenskukennarinn Anna María Richardsdóttir. Á myndinni eru einnig Úrsúla Manda Ármannsdóttir frá Austurbrú, Ragnar Snær frá Mími símenntun, Cynthia Crawford kennari frá Austurbrú og Stine Hesager Lema þróunarráðgjafi hjá Studieskolen í Kaupmannahöfn.



Að lokinni kennslustund í íslensku sem öðru máli er sest að snæðingi. Myndin var tekin 16. nóvember 2023.

Landneminn og önnur samfélagsfræðsla

Haldin voru 5 samfélagsfræðslunámskeið kennd við Landnemann á árinu og voru þau öll á rússnesku/úkraínsku. Tvö námskeiðanna voru fjarkennd en þrjú staðkennd og voru þátttakendur samtals 79. Þessi námskeið eru hluti af samræmdri móttöku flóttamanna og haldin í samstarfi við Vinnu-málastofnun.

Íslensk menning og samfélag

Námskeiðið Íslensk menning og samfélag var kennt á ensku á haustönninni og mæltist það einkar vel fyrir. Að þessu sinni nýtti SÍMEY sér að mega breyta út af námsleiðum og var íslenskukennslan tekin út þar sem hópurinn hafði afar ólíkar þarfir í íslenskunámi. Námskeiðið er hluti af þeirri viðleitni SÍMEY að bjóða þeim sem ekki hafa náð tókum á íslenskunni upp á aðra valkosti en íslenskunám.

Samfélagið í SÍMEY

Á undanförunum árum hefur orðið umtalsverð fjölgun innflytjenda sem sækja námskeið og ýmsa þjónustu í SÍMEY. Lengi hefur verið í gerjun sú hugmynd að bjóða upp á viðburði og fleiri tækifæri til samveru.

Að kvöldi 27. október 2023 var fyrsta slíka samverustundin í SÍMEY og hafa þær fengið yfirskriftina Samfélagið í SÍMEY. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum. Nemendur klæddu húsakynninn í búning hrekkjavökunnar og sköpuðu henni skemmtilega og ævintýranlega umgjörð. Dagskrá kvöldsins, sem fór fram á íslensku, ensku, arabísku og rússnesku, var blanda kynninga, hugmyndavinnu og bingós og voru veitingar í boði.

Reynslan af þessari fyrstu samverustund Samfélagsins í SÍMEY var það góð að ákveðið var að efna til sambærilegs viðburðar á aðventu þar sem sá rótgróni siður á mörgum heimilum á Íslandi að skera laufabrauð fyrir jólin var kynntur fyrir fólki. Búið var til deig, það flatt út, kökurnar skornar og steiktar frá kl. 16 til 21 föstudaginn 1. desember. Jólalögin ómuðu og eins og gerist á góðum laufabrauðssamkomum voru kynslóðir saman og hver og einn fann sér verkefni við hæfi.

Hugmynd þeirra kennara og verkefnastjóra í SÍMEY sem kenna og halda utan um íslensku- og landnemanámskeiðin í SÍMEY var sú að mynda samfélag eða vettvang innflytjenda og halda þannig enn betur utan um nemendur.

Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með Samfélagið í SÍMEY á haustönn 2023 og ekkert bendir til annars en að það sé sú jákvæða viðbót við kennsluna sem var lagt upp með og því sé þessi nýjung komin til að vera.



Þann 27. október 2023 var í fyrsta skipti efnt til samverustundar í SÍMEY undir yfirskriftinni Samfélagið í SÍMEY. Þátttakendur sköpuðu hrekkjavökustemningu og dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg.

Breyttir kennsluhættir

Á undanförunum árum hefur SÍMEY tekið þátt í fjölmörgum þróunarverkefnum í íslensku sem öðru máli. Árið 2023 lauk verkefni sem bar yfirskriftina Ný nálgun í innleiðingu evrópska tungumálarammans og var það styrkt af Nordplus. SÍMEY stýrði allri verkefnavinnu en unnið var með Studieskolen í Kaupmannahöfn, Mími símenntun í Reykjavík og Austurbrú á Austurlandi. Áherslan í þessu þróunarverkefni var á endurmótun á fyrstu tveimur hlutum íslenskukennslunnar, A1 og A2, samkvæmt evrópska tungumálarámmannum og tenging þeirrar hugmyndafræði í allri kennslu.

Úrræði fyrir fólk með litla eða enga skólagöngu og/eða glíma við ólæsi

Árið 2022 fékkst styrkur úr Fræðslusjóði til að bæta aðgengi að íslenskukennslu á arabísku en hópur arabískumælandi fólks fer stækkandi hér á landi, m.a. með komu flóttamanna. Allt árið 2023 var unnið að því að búa til rafrænt námsefni á stigi A0/A1 samkvæmt evrópska tungumálarámmannum og verður námsefnið síðan prufukeyrt í framhaldinu.

Samstarfsverkefni með VMA um óskólagengna erlenda nemendur

SÍMEY vann að verkefni í samstarfi við VMA sem gekk undir heitinu Nám fyrir óskólagengna erlenda nemendur. Verkefni þetta var styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála.

Framlag SÍMEY laut að því að finna leið til að greina þarfir nemenda og munnlega færni þeirra á markmálinu. Leitað var til sérfræðinga í lestrarkennslu sem og í reynslu samstarfsskóla í Svíþjóð en þangað fóru verkefnastjórar í byrjun desember. Sjónum var beint að „LASLLIAM“ sem er nýleg viðbót við evrópska tungumálarámmann, miðuð að þörfum fullorðinna innflytjenda með litla eða enga skólagöngu og/eða glíma við ólæsi. Unnið er að útdrætti og/eða þýðingu á mats-tæki sem þar finnst.



Íslenska sem annað mál. Þessi mynd er tekin í kennslustund 28. september 2023. Verkefni dagsins var kvenkyns lýsingarorð.

Raunfærnimat

Markmiðið með raunfærnimati er að fólk með mikla starfsreynslu geti fengið hæfni sína og þekkingu metna á móti námskrám í ákveðnum starfsgreinum.

Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, skulu að lágmarki vera 23 ára að aldri og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í starfsgreininni.

Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni fólks í starfi, námi og félagsstörfum. Markmiðið er að geta sýnt fram á reynslu og hæfni viðkomandi í starfi með formlegum hætti, fá styttingu náms í framhaldinu, fá mat á móti viðmiðum atvinnulífsins og hvernig hver einstaklingur getur styrkt sig í starfi/námi.

Á árinu 2023 bauð SÍMEY upp á raunfærnimat fyrir félagsliða, stuðningsfulltrúa, fisktækna, matartækna, starfsfólk í ferðaþjónustu, starfsfólk íþróttamannvirkja, í almennri starfshæfni og ýmsum iðngreinum, m.a. húsasmíði, húsamálun, pípulögnum, matreiðslu, vél- og skipstjórn.

Alls luku 63 raunfærnimati með glæsilegum árangri. Þar sem einingar voru metnar fengu þátttakendur að meðaltali um 50 framhaldsskóla-

einingar metnar. Heildarfjöldi staðinna eininga var um 1600.

Raunfærnimatið var unnið í góðu samstarfi við m.a. Fisktækniskóla Íslands, IÐUNA fræðslusetur, Verkmenntaskólann á Akureyri, Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Austurbrú, Visku – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Fjarðabyggð o.fl.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir

SÍMEY leggur áherslu á gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir í Eyjafirði. Veflægg fræðsla hefur fest sig í sessi og býður upp á þægindi og sveigjanleika sem hentar oft og tíðum vel. Staðbundin fræðsla jókst á ný eftir heimsfaraldurinn.

Starfsfólk SÍMEY hefur unnið að verkefnum með tveimur samstarfsaðilum um rafræna fyrirtækjaskóla með eftirtektarverðum árangri. SÍMEY hélt áfram góðu samstarfi og vann að skipulagningu fræðslu fyrir grunnskóla og velferðarsvið Akureyrarbæjar, Sæplast, VMA, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og ýmsa aðra aðila á svæðinu.

Alls voru haldin 50 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur á námskeiðunum voru alls 1093.

Námskeið í samstarfi við stéttarfélag og Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Eins og undanfarin ár hafa SÍMEY og Farskólinn verið í góðu samstarfi um námskeiðsframboð sem stéttarfélag bjóða sínu félagsfólki.

Á árinu 2023 voru alls haldin 30 námskeið, þar af voru 12 í gegnum vefforritið Zoom. Efnistökin voru afar fjölbreytt, t.a.m. ýmis matreiðslunámskeið, námskeið í gerð jurta-smýrsla, Fab Lab námskeið, útivistarnámskeið, námskeið um ADHD, fjármál og margt fleira. Hjá SÍMEY og Farskólannum sóttu samtals 658 manns námskeiðin á árinu.

Þessi velgengni byggir á góðu samstarfi við stéttarfélagin Einingu-löðu, Kjöl og Sameyki og þá starfsmenntasjóði sem standa þeim að baki, þar sem félagsmenn stéttarfélaganna sóttu námskeiðin sér að kostnaðarlausu á Eyjafjarðarsvæðinu.

Þessu til viðbótar hélt SÍMEY í mars starfslokánámskeið fyrir stéttarfélagið Einingu-löju þar sem félagsfólki sem var að nálgast starfslok var boðið að fræðast um t.a.m. lífeyrismál, heilsueflingu, félagsstarf og margt fleira. Í mars var jafnframt dyravarðanámskeið haldið í samstarfi við Einingu-löju og lögregluna á Norðurlandi eystra.

Fjölmennt

Á árinu varð smávægilegur samdráttur í námskeiðahaldi frá 2022 og virðist ganga hægt að ná til nýrra þátttakenda. Breytingar urðu á verkefnastjórn Fjölmenntar á árinu, á vordögum var Jenný Gunnarsdóttir ráðin til að verkefnastýra Fjölmennt en Helgi Þorbjörn tók aftur við verkefninu um haustið. Vorið 2023 tókst að manna stutt golfnámskeið sem þátttakendur voru mjög ánægðir með.

Fyrir utan hefðbundna starfsemi Fjölmenntar stefnir SÍMEY að því að nýta námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir þá einstaklinga sem það geta. Á árinu voru sex einstaklingar sem falla innan markhóps Fjölmenntar í námi í tveimur námsleiðum SÍMEY (Help-start enskunám - 40 klst. og Fræðsla í formi og lit - 200 klst.) með öðrum þátttakendum sem ekki falla innan þess hóps.

Áfram verður unnið að því í samstarfi við Félagsþjónustu Akureyrarbæjar og Vinnumálastofnun að ná til fleiri einstaklinga innan markhóps Fjölmenntar. Einnig er áformað að koma tómstundanámskeiðum og íþróttþjálfun meira út til þeirra félaga sem þegar sinna slíkri þjónustu á Akureyri. Með því er vonast til að opnast leiðir til að rjúfa einangrun og auka tækifæri fullorðins fólks með fötlun hvað varðar framboð til tímunda og hreyfingar og að sýnileiki þeirra í félagsstarfsemi verði meiri á Akureyri.

Prófamiðstöð

SÍMEY sinnir prófþjónustu af ýmsum toga. Hún snýr að sautján framhaldsskólum og háskólum og einnig annast SÍMEY próf fyrir t.d. Umhverfisstofnun vegna skotvopnaleyfa og veiðikorta. Í samstarfi við Mími símenntun býður SÍMEY upp

á próf að vori og hausti fyrir fólk sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt. Mikil aukning hefur verið í próftöku vegna ríkisborgararéttar. SÍMEY hefur góða aðstöðu fyrir próf í húsnæði sínu á Akureyri þar sem rými eru hentug og vel tækjum búin. Í námsveri SÍMEY á Dalvík er einnig þjónusta við próftaka.

Á árinu 2023 þreyttu 507 manns próf hjá SÍMEY, sem er 25% fjölgun milli ára.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Starfsmenn SÍMEY eru með reglulega viðveru í námsverinu í Víkurröst á Dalvík og þar var aðstaða og ásýnd bætt á árinu. Hurðargati milli skrifstofu og tónlistarkennslustofu var lokað, sem bætti starfsaðstöðu til muna. Í lok árs var síðan skipt um gluggatjöld í kennslustofu. Öll aðstaða í námsverinu er orðin mjög góð en stutt er síðan þar var skipt um bæði borð og stóla.

Á árinu var námsverið einkum notað fyrir viðtöl, raunfærnimat og til próftöku. Töluvert var um að vera í raunfærnimati á Dalvík á haustönn og voru í tengslum við það bæði vinnustofur og matsviðtöl í námsverinu.

Verkefnastjóri SÍMEY fundar reglulega með sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar. Fræðsluráð Dalvíkurbyggðar bauð verkefnastjóra á fund í október þar sem tækifæri gafst til að kynna starfsemi SÍMEY í sveitarfélaginu og ræða hugmyndir að nýjum verkefnum og verklagi.

Sú ánægjulega nýbreytni varð á árinu að boðið var upp á íslenskunámskeið í Hrísey. Grunnskólinn þar lagði til húsnæði og kennari búsettur í eyjunni tók að sér kennsluna. Ánægjulegt var að geta haldið námskeiðið og unnt verður að taka þar upp þráðinn á ný ef þörf verður á. Einnig var haldið íslenskunámskeið fyrir starfsmenn Sæplasts á Dalvík. Námskeiðið var á dagvinnutíma á vinnustaðnum. Eitt íslenskunámskeið var haldið á Siglufirði á haustönn.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

LOFTUM - loftslags- og umhverfisverkefnið

Á árinu 2023 var áfram unnið að LOFTUM - loftslags- og umhverfisverkefninu sem er áhersluverkefni Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra - SSNE. Markmiðið með LOFTUM er að efla þekkingu starfsfólks sveitarfélaga, kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum á starfssvæði SSNE í loftslags- og umhverfismálum.

Árið 2022 voru þekkingarnet Þingeyinga og SÍMEY styrkt af Sóknaráætlun Norðurlands eystra til að greina fræðsluþörf starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og leiddi hún í ljós ákall um fræðslu á sviði loftslags- og umhverfismála. Í framhaldinu varð LOFTUM verkefnið til sem áhersluverkefni SSNE. Settur var á stofn stýrihópur skipaður fulltrúum sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum sem aðild eiga að SSNE og ýmsum sérfræðingum á sviði loftslags og umhverfismála auk fulltrúa SSNE. Stýrihópurinn vann drög að fræðslugreiningu sem tók til almennrar þekkingar í loftslags- og umhverfismálum og einnig afmarkaðra þátta í málaflokknum.

Áfram var unnið að fræðsluáætlun LOFTUM á árinu 2023 og var verkefnið styrkt á ný af Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þann 22. september var fyrsta námskeiðið, Grænir leiðtogar, haldið undir merkjum LOFTUM og var það sett upp fyrir starfsfólk sveitarfélaga á Norðurlandi eystra sem tekur þátt í verkefni SSNE um Græn skref. Leiðbeinandi var dr. Snjólaug Ólafsdóttir hjá Andrými sjálfbærnisetri. Í framhaldinu voru haldin stað- og netnámskeið og kynningar af ýmsum toga. Auk þess var unnið efni í rafrænan skóla þar sem fjölbreytt fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál verður aðgengileg starfsfólki sveitarfélaga og sveitarstjórnarfólki.

Af hálfu SÍMEY hafa Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir unnið að LOFTUM-verkefninu.



Þann 22. september 2023 var haldið í SÍMEY námskeiðið Grænir leiðtogar, sem var fyrsti hluti fræðslu í LOFTUM loftslags- og umhverfisverkefninu. Á myndinni eru þátttakendur á námskeiðinu.

Rafrænn skóli velferðarsviðs Akureyrarbæjar


Í janúar 2023 var opnaður rafrænn skóli fyrir starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar. SÍMEY var með verkefnastjórn við uppsetningu skólans.

Námsefnið, sem er af ýmsum toga, er sett upp í kerfislausninni Teachable. Þar eru námskeið um þjónandi leiðsögn, valdeflingu, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og heilabilun auk fræðslu fyrir nýja starfsmenn velferðarsviðsins.

Námsefnið vann starfsfólk velferðarsviðs í samstarfi við SÍMEY sem jafnframt aðstoðaði við vinnslu þess og uppsetningu og að gera skólann aðgengilegan fyrir notendur.

Hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar starfa tæplega fimm hundruð manns. Það hefur umsjón með þjónustu- og búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk, félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við börn og fjölskyldur.

Verkefnið var styrkt af Sveitamennt og Starfsþróunarsetri háskólamanna.




Í rafrænum skóla velferðarsviðs Akureyrarbæjar, sem var opnaður í janúar 2023, er aðgengilegt efni af ýmsum toga sem kemur starfsfólki að góðum notum. SÍMEY var með verkefnastjórn við uppsetningu skólans.

Samstarf við kennslu- og upplýsinga-tæknimiðstöð HA

Veflægum námskeiðum af ýmsum toga hefur fjölgað mjög á síðustu misserum enda er með þeim unnt að ná til fleiri, óháð búsetu. Þessi þróun hófst lítillega fyrir kóvid faraldurinn en hann gerði það að verkum að fræðslan færðist að stórum hluta á netið. Og eftir kóvid heldur þessi þróun áfram á fleygiferð.

Haustið 2023 hóf SÍMEY samstarf við kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri – KHA sem fólst í því að SÍMEY nýtti sér upptökuver kennslu- og upplýsingatæknimiðstöðvarinnar í húsakynnum Háskólans. Í framhaldinu gerðu SÍMEY og KHA í upphafi árs 2024 með sér formlegan samning um afnot SÍMEY af upptökuverinu.

Þetta samstarf er mikilvægur þáttur í faglegri vinnu við upptökur á efni fyrir veflægt nám og gerð kennslumyndbanda. Verkefnastjórar SÍMEY hafa umsjón með gerð þeirra, sjá um forvinnuna í handritsgerð o.fl. en tæknifólk KHA sér um upptökur, hljóð og mynd og eftirvinnslu.



Haustið 2023 hóf SÍMEY samstarf við kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri um upptökur og eftirvinnslu á fræðslu- og kynningarefni sem fólst í því að SÍMEY nýtti sér upptökuver KHA í húsakynnum Háskólans. Hér er Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson í upptökum á stuttum erindum um hringrásarhagkerfið og fleira í umhverfismálum fyrir rafrænan skóla LOFTUM loftslags- og umhverfisverkefnisins.

Raunfærnimat í matvælagreinum

Í nóvember 2023 bauð SÍMEY upp á raunfærnimat fyrir fólk sem starfar í matvælagreinum og var góð þátttaka. Tímasetning raunfærnimatsins var ekki tilviljun því VMA hafði kynnt að á vorönn 2024 myndi skólinn hefja þriggja anna lotunám í matartækni ef nægilega margir myndu skrá sig. Og það gekk eftir, af þrettán nemendum sem nú stunda nám í matartækni í VMA hafa tólf farið í gegnum raunfærnimat. Allir eru þeir af Eyjafjarðarsvæðinu.

Skilyrði fyrir raunfærnimati sem undanfara náms í matartækni eru að viðkomandi hafi starfað að lágmarki í þrjú ár í mötuneyti eða veitingarekstri og sé 23 ára eða eldri.

Að loknu námi í matartækni er sótt til landlæknisembættisins um leyfisbréf og þar með starfsréttindi sem matartæknir. Í leyfisbréfinu felst m.a. heimild til þess að bera ábyrgð á rekstri mötuneyta.

Samstarf við Fjarðabyggð og Austurbrú um raunfærnimat

Á haustdögum 2023 vann SÍMEY með Austurbrú og Fjarðabyggð að raunfærnimati 24 starfsmanna íþróttahúsa og sundlauga í Fjarðabyggð (Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík) og gekk það mjög vel. Á árunum 2021 og 2022 hélt SÍMEY utan um raunfærnimat 26 starfsmanna íþróttamiðstöðva á Akureyri, í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Hrísey og Eyjafjarðarsveit. SÍMEY kynnti það verkefni fyrir öðrum símenntunarmiðstöðvum og sveitarfélögum og í framhaldinu lýsti Fjarðabyggð áhuga á raunfærnimati fyrir starfsfólk íþróttamiðstöðva í sveitarfélaginu. Austurbrú - miðstöð símenntunar á Austurlandi kynnti raunfærnimatið fyrir starfsfólki íþróttamiðstöðvanna og tók skimunarviðtöl. Helena Sif Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri í SÍMEY, kom síðan inn í verkefnið og hélt utan um það. Hún sendi matslista og færnimöppur til þátttakenda og í kjölfarið voru matsviðtöl sett upp í gegnum fjarfundarbúnað. Þau tóku Gísli Rúnar Gylfason íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar og Erna Lind Rögnvaldsdóttir forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar. Helena Sif var með þeim í viðtölunum.

Til upprifjunar skal þess getið að árið 2018 fékk SÍMEY styrk úr Fræðslusjóði til þess að hæfnigreina störf í íþróttahúsum og sundlaugum. Í kjölfarið var námskráin Þróttur fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja endurskoðuð og settar upp nýjar námskrár, annars vegar fyrir starfsfólk íþróttahúsa og hins vegar sundlauga. Þær voru staðfestar af Menntamálastofnun árið 2021 og eru aðgengilegar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Á grunni þessara námskráa hefur SÍMEY sett upp nám fyrir starfsfólk sundlauga og íþróttahúsa sem er tvískipt, annars vegar vinnustaðanám og hins vegar fjarnám.

Haustfundur Símenntar í Vestmannaeyjum

Starfsfólk SÍMEY sótti haustfund Símenntar – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, sem var haldinn í Vestmannaeyjum 19. og 20. september 2023. Auk starfsfólks símenntunarmiðstöðvanna mættu til haustfundarins fulltrúar Rafmenntar, Starfsmenntar, IDUNAR og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt var haldinn fundur forstöðumanna símenntunarmiðstöðva þar sem var farið yfir sameiginleg mál þeirra og skipst á skoðunum.

Á haustfundinum í Eyjum voru Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, og Fjóla María Lárusdóttir, þróunarstjóri hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, með erindi um innflytjendamál og fjölmeningu. Nichole Leigh Mosty, sérfræðingur á sviði málefna innflytjenda og inngildingar hjá Fjölmeningarsetrinu, ræddi um hvernig það er að vera útlendingur á Íslandi og mikilvægi þjónustu símenntunarmiðstöðvanna við þá. Loks fjölluðu Hallur Jónasson og Sigurður Norðfjörð hjá stafrænu auglýsingastofunni Sahara um markaðsstarf í stafrænum heimi samfélagsmiðlanna og einnig ræddu þeir um öryggismál á netinu og hvað beri að varast í þeim efnum.

Tveir af starfsmönnum SÍMEY, Sif Jóhannesar Ástudóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, fjölluðu í málstofu um þróunarverkefni sem þær hafa unnið að á undanförunum árum og tekur m.a. til evrópska tungumálarammans og hæfnimats fyrir nám í íslensku sem öðru tungumáli. Helgi Þ. Svavarsson frá SÍMEY stjórnaði umræðunum.

Í hinni málstofunni var sjónum beint að markaðsmálum símenntunarmiðstöðvanna. Birna V. Jakobsdóttir frá MSS – miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Andrea Gylfadóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða (FRMST) voru með framsöguerindi. Hólmfríður Karlsdóttir frá MSS stýrði umræðunum.



Starfsfólk SÍMEY sólarmegin í tilverunni í Vestmannaeyjum þar sem haustfundur símenntunarmiðstöðva var haldinn 19.-20. september 2023.


Myndlist í minningu Billu

Helgina 10.-12. nóvember 2023 efndu fyrrum nemendur Bryndísar Arnardóttur – Billu á námskeiðinu Fræðsla í formi og lit í SÍMEY til myndlistarsýningar í Deiglu og Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri til heiðurs og í minningu Billu, sem lést 1. ágúst 2022.

Hugmyndina að sýningunni átti myndlistarhópurinn Gellur sem mála í bílskúr, sem er skipaður áhuga-fólki í myndlist sem sótti þekkingu í myndlist til Billu og Guðmundar Ármanns á námskeiðunum Fræðsla í formi og lit í SÍMEY. Leitað var til fleiri námshópa úr SÍMEY og þegar upp var staðið lagði stór hópur fyrrum nemenda Billu og Guðmundar saman krafta sína og efndi til sölusýningar á verkum sínum. Guðmundur Ármann var listrænn ráðunautur við uppsetningu sýningarinnar. Helmingur söluandvirðis myndanna rann í Minningarsjóð Bryndísar Arnardóttur, sem var stofnaður 2023 og skal fjármunum hans varið til að styrkja konur á sviði sjónlista.

Árið 2013 hóf Billa að bjóða upp á myndlistarnámskeið í SÍMEY fyrir 20 ára og eldri, í samræmi við markmið símenntunarmiðstöðva, og hún skrifaði námskrár fyrir námið sem voru samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hér í opnunni eru nokkur þeirra myndverka sem voru sýnd á þessari sýningu í minningu Billu.



4. Fræðslustarfið í máli og myndum


Námskeið á árinu

Alls voru haldin 260 námskeið á Akureyri og í Eyjafirði á árinu 2023 og fjölgaði þeim um 50% frá fyrra ári. Ekki er ein einhlít skýring á þessum vexti en aukning er í flestum námskeiðsflokkum. Mestur er hann þó í vottaða náminu, almennu námskeiðahaldi og íslensku sem öðru máli.

SÍMEY flokkar námskeið sín í fimm flokka:

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmennt, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Stök námskeið, sem er ætlað að efla einstaklinga í starfi og leik. Mörg námskeiðanna voru haldin í samstarfi við stéttarfélag og starfsmenntasjóði. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska sem annað mál.
- Fyrirtækjaskólar.


Fjöldi námskeiða síðustu ára



Þátttaka

Nám og námskeið í SÍMEY sóttu árið 2023 samtals 2907 manns samanboreið við 2521 á árinu 2022. Að auki nýttu um þúsund manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærni-mat, próftöku og aðra þjónustu. Það lætur því nærri að viðskiptamannahópur SÍMEY hafi verið um fjögur þúsund manns á árinu. Vöxtur er í þátttöku á flestum sviðum milli ára.

Fjöldi þátttakenda síðustu ára




Nemendastundir

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Fjöldi nemendastunda fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði.

Nemendastundum fjölgaði á milli ára um ríflega 8 þúsund og var heildarfjöldi þeirra á árinu 2023 tæplega 57 þúsund.

Fjármagn í framhaldsfræðslukerfið hefur ekki aukist hin síðari ár en SÍMEY hefur getað flutt fjármagn milli málaflokka og aukið við vottað nám milli ára. Einnig fékkst viðbótarfjármagn í vottað nám á árinu. Því fjölgar nemendastundum. Önnur skýring gæti verið að hlutur lengra náms sé að aukast.


Fjöldi nemendastunda síðustu ára




Íslenska sem annað mál

Mikill vöxtur hefur verið í kennslu íslensku sem annars máls. Um hefur verið að ræða hefðbundin námskeið sem SÍMEY hefur lengi kennt fyrir fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og einnig er boðið upp á námskeið á netinu í Íslenskuþjálfaranum sem er hluti af vottaða náminu. Fjárveitingar til íslenskukennslu hafa sem betur fer aukist á liðnum misserum. SÍMEY gæti þó árlega nýtt hið minnsta tvöfalda þá fjárveitingu sem hefur fengist hin síðari ár til íslenskukennslu. Með þróun hæfnimats fyrir íslenskukennsluna hefur SÍMEY stigið mikilvægt framfaraskref sem nýtist öllum símenntunarmiðstöðvum vel. Þátttakendum fjölgar um 16% milli ára. Kynjahlutföll hafa verið jafnari í íslensku sem öðru máli en í öðru námi í SÍMEY.

Íslenska sem annað mál síðustu ára



Kynjahlutfall í íslensku sem öðru máli 2023




Kynjahlutföll

Umtalsverður kynjahalli er í hópi viðskiptavina SÍMEY. Konur eru og hafa lengi verið þar í miklum meirihluta, tæplega sjö af hverjum tíu sem nýta sér þjónustu SÍMEY eru konur. Hluti þátttakenda hefur tilgreint kyn í sínum skráningum en þegar tölfræðin er skoðuð eru kynjahlutföll sem næst 67% konur og 33% karlar. Þeir sem skrá kynsegin eða annað er ekki mælanlegt. Milli ára hefur hlutur karla í námi aukist lítilega.

Fjölmennt - fullorðinsfræðsla fatlaðra

Fjöldi þátttakenda stendur í stað milli ára. Þegar langtímastefnumótun stjórnvalda liggur fyrir er markmiðið að ná til breiðari hóps fatlaðra.

Fjöldi nemenda í Fjölmennt síðustu ár



5. Samantekt

Áhersla ársins 2023 var að halda áfram því starfi sem er að bera góðan árangur, m.a. er lýtur að þróunarstarfi, rafrænni miðlun náms á öllum sviðum og að mæta þeim áskorunum sem við vinnum að varðandi fjölmenningu. Þar skal sérstaklega getið íslenskunámskeiða og þjónustu við innflytjendur, sem hefur verið í miklum vexti.

Almennt hefur verið aukning í starfseminni sem er mjög jákvætt. Mikilvægt er að framhaldsfræðslan hafi getu og stuðning til þess að mæta hröðum breytingum á samfélaginu. Í því ljósi er horft með von og jákvæðni til þeirrar endurskoðunar sem er unnið að í framhaldsfræðslukerfinu og mun vonandi skila nýrri lagasetningu á komandi hausti um málaflokkinn.

Innan framhaldsfræðslunnar og símenntunarmiðstöðvanna eru miklir möguleikar til að byggja á til að mæta þeim hröðu samfélagsbreytingum sem eru löngu hafnar. Mikilvægt er að fanga þá krafta sem búa í þessu kerfi og taka raunverulega ákvörðun um að Ísland ætli sér að vera í fremstu röð með kerfi sem hefur jafnræði til náms og hæfniuppbyggingar að leiðarljósi.



Vorbrautskráning SÍMEY 1. júní 2023.



Brautskráningarrhópur í SÍMEY 1. júní 2023.



© SÍMEY 2024
SIMEY.IS